

Nefndasvið Alþingis,
Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 18. maí 2012
UB: 1205/4.1.1

Efni: Frumvarp til laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk (ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu), 692. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis hinn 9. maí, þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um ofangreint frumvarp. Umboðsmaður barna þakkar fyrir það tækifæri að fá að koma með athugasemdir við frumvarpið.

Umboðsmaður barna fagnar því að markvisst sé unnið að því að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk en vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri. Börn eiga að njóta sömu mannréttinda og fullorðnir en jafnframt skal þeim tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, sbr. 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar.

Frumvarpið tekur á réttindagæslu fullorðinna með fötlun en virðist ekki ná beint til fatlaðra barna. Börn með fötlun búa langflest heima með foreldrum sínum en sækja skóla eins og lög gera ráð fyrir auk þess sem mörg þeirra fara tímabundið í skammtíavistun. Óljóst er hvort frumvarpið nái til skóla og skammtíavistunar og því er brýnt að skýrar verði kveðið á um ábyrgð þessara stofnana til að gera viðeigandi ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu þeirra.

Virðingarfyllst,

Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna
